

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2010
/--

Efni: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025

Hjálagt sendist til staðfestingar ráðherra, skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997, Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025, samanber erindi Mýrdalshrepps dags. 5. mars 2010. Endanleg skipulagsgögn bárust 23. apríl 2010.

Aðalskipulagið er sett fram í eftirfarandi skipulagsgögnum:

- Greinargerð, Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2010, 14. útgáfa, dags. 17. mars 2010.
- Umhverfisskýrsla, Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2010 dags. 5. mars 2010.
- Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:50.000 dags. 18. júlí 2002, breytt 16. mars 2010.
- Þéttbýlisuppdráttur af Vík í mkv. 1:10.000 dags. 18. júlí 2002, breytt 16. mars 2010.

Í greinargerð aðalskipulagsins er fjöldi skýringaruppdráttar m.a. svæði undir náttúruvá/flóðaannáll, rýmingarkort í Vík, svæði sem njóta verndar og landgræðsluskógrækt í nágrenni Víkur.

Kynning og samráð

Vinna við gerð aðalskipulags í Mýrdalshreppi hefur staðið yfir með hléum frá árinu 2000 og kynningarfundir hafa verið haldnir á ýmsum stigum vinnunnar eins og fram kemur í inngangi greinargerðar og kafla 1.3. Tillaga að aðalskipulagi var fyrst auglýst haustið 2004 skv. skipulags- og byggingalögum en fallið var frá þeirri tillögu. Óskað var nýrra umsagna þegar vinna við aðalskipulagið hófst að nýju. Íbúafundur í samræmi við 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga var haldinn 10. september 2009.

Umsagnir um skipulagstillöguna hafa borist frá Landgræðslu ríkisins dags. 7. júlí 2009, Vegagerðinni dags. 2. júlí 2009, Siglingastofnun dags. 2. júlí 2009, Flugmálastjórn dags. 1. júlí 2009, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 19. ágúst 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 17. ágúst 2009, Umhverfisstofnun dags. 5. ágúst 2009, Fornleifavernd ríkisins dags. 15. júlí 2009 og samvinnunefnd um miðhálandi Íslands dags. 28. október 2009.

Einnig liggur fyrir skýrsla Vegagerðarinnar um mögulegar veglínur í Mýrdal útgefin í

nóvember 2008, minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa um athugasemdir umsagnaraðila dags. 18. ágúst 2009 og skýrsla frá Mannvit verkfærðistofu um sjóvarnir í Vík í Mýrdal frá janúar 2010. Hættumat fyrir Vík í Mýrdal skv. reglugerð nr. 505/2000 með breytingum í reglugerð nr. 495/2007 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða var staðfest af umhverfisráðherra 10. febrúar 2010.

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti 17. september 2009 að auglýsa aðalskipulagstillöguna samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga og sendi Skipulagsstofnun hana ásamt umhverfisskýrslu til athugunar. Stofnunin gerði ekki athugasemd við að skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu yrði auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar tekið hefði verið tillit til athugasemda og benti á að ella bæri sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingartíma. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, sbr. bréf dags. 21. október 2009, snérist m.a. um framsetningu umhverfismats, grunnupplýsingar og mat á áhrifum nýs Suðurlandsvegur auk athugasemda við efni og framsetningu í einstaka málaflökkum.

Auglýsing skipulagstillögunnar og afgreiðsla skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1997, frá 22. desember 2009 til 19. janúar 2010. Frestur til að skila athugasemdum var til 2. febrúar 2010. Auglýsingar birtust í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu, Dagskránni og Vitanum. Tillagan var til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík auk þess sem tillagan var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Athugasemdir Skipulagsstofnunar sbr. framangreint bréf dags. 21. október 2009 voru auglýstar með skipulagstillögunni.

Á auglýsingartíma bárust 36 athugasemdir frá einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum, margar undirritaðar af fleirum en einum einstaklingi þar af einn undirskriftarlisti með nöfnum 88 íbúa og landeigenda þar sem gerð er athugasemd við breytta legu Suðurlandsvegur með jarðgöngum sunnarlega í Reynisfjalli. Flestar athugasemdir beindust að nýjum vegi en auk þess staðsetningu sjóvarnargarðs í Vík og reið- og gönguleiðum víðsvegar í sveitarfélaginu.

Einnig bárust athugasemdir með undirskriftalistum til stuðnings nýjum vegi um Víkurfjöru með göngum í gegnum Reynisfjall. Þar kemur fram að breyttur vegur mun ekki skerða nytjalönd bænda, um sé að ræða auðfæran láglandisveg og að með honum verði landbrot á bökkum Dyrhólaóss stöðvað.

Skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps fjallaði um athugasemdir og gerði tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra á fundum sínum 11. febrúar og 24. febrúar 2010. Tillaga að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 1. mars 2010 með nokkrum breytingum s.s. færslu sjóvarnargarðs í Víkurfjöru til suðurs, niðurfellingu og breytingum á reið- og gönguleiðum og breyttri afmörkun nokkurra svæða. Breytingunum er nánar lýst er í kafla 1.4 í greinargerð. Athugasemdir voru flokkaðar eftir efni og er samantekt athugasemda og svör sveitarstjórnar við þeim í sér hefti dags. 1. mars 2010. Greinargerð sveitarstjórnar um hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og framkomnum athugasemdum er sett fram í kafla 3.2 í greinargerð, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu sveitarstjórnar um breytta veglínu er sá að nýr vegur þjóni best atvinnulífi og samfélagi og að hann uppfylli markmið um öruggan og ódýran veg (bls. 31 í greinargerð).

Í samræmi við staðfest hættumat af Vík í Mýrdal frá febrúar sl. hafa jafnáhættulínur verið færðar inn á þéttbýlisuppdráttinn ásamt skýringum. Skipulagsstofnun telur að þær breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu tillögunnar séu ekki það verulegar að þær kalli á nýja auglýsingu aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur birt auglýsingu um niðurstöðu sína sbr. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og bendir á að ákvörðun um breytta legu Suðurlandsvegar um Mýrdal er umdeild í sveitarfélaginu auk þess sem stofnanir og félagasamtök gera athugasemdir við nýjan veg út frá sjónarmiðum náttúruverndar og óvissu um áhrif hans á náttúrufar og samfélag. Bent er á að fyrirhugaður vegur samræmist ekki stofnmarkmiði aðalskipulagsins um mikilvægi náttúruverndar en hann liggur nálægt bökkum Dyrhólaóss (svæði nr. 708 á náttúrminjaskrá), í gegnum Reynisfjall og um Víkurfjöru. Jafnframt er bent á að mýrar, flóar, sjávarfitjar og leirur njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Athugasemdir íbúar og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu snúast að miklu leyti um rýrnun á verðmæti eigna með tilkomu nýs vegstæðis. Bent er á að vegurinn spilli nytjalöndum bænda í Dyrhólahverfi og Reynishverfi auk þess sem mikilvægir áningastaðir ferðamanna spillist með mannvirkjum og auknum umferðarhávaða. Lýst er yfir áhyggjum af breyttri ásýnd svæðisins, landslagsheildir verði skornar sundur og lífsgæði íbúa og upplifum ferðamanna sem koma til að skoða náttúrufar og fuglalíf strand- og votlendissvæðanna í Mýrdal skerðist. Bent er á að engar athuganir hafi verið gerðar á félagslegum og efnahagslegum áhrifum þess að flytja vegstæði vegarins og að rannsóknir á jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi skorti.

Það er mat Umhverfisstofnunar, sbr. umsögn dags. 5. ágúst 2009, að náttúruverndarsjónarmiða yrði helst gætt ef Suðurlandsvegur yrði lagður fjær Dyrhólaósi. Stofnunin telur að vernda eigi Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjörur við Dyrhólaey, þ.m.t. Reynisfjöru, og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild vegna mikilvægis fyrir fuglalíf. Þá bendir stofnunin á að á svæðinu er að finna vistkerfi sem leggja beri áherslu á að vernda samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Landvernd tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar í athugasemd dags. 1. febrúar 2010 og bendir á að færsla vegarins muni geta haft í för með sér umtalsverð spjöll á náttúru og landslagi á svæðinu.

Fuglavernd bendir á í athugasemd dags. 1. febrúar 2010 að upplýsingar skorti um fuglalíf í Dyrhólaósi m.a. varpfugla. Einnig telur Fuglavernd jarðgöng gegnum Reynisfjall slæman kost fyrir fuglalíf þar sem jarðgöng og vegur rjúfi tengslin við hafið, Reynisdranga og brekkurnar undir fjallinu.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) leggjast gegn tillögu að breyttri veglínu Suðurlandsvegar um Mýrdal sbr. athugasemd dags. 1. febrúar 2010 með þeim rökum að hún sé í ósamræmi við stofnmarkmið aðalskipulagsins og fari í bága við lög um náttúruvernd og alþjóðasamninga sem Íslands hafi skuldbundið sig til að virða. NSS átelur að veglínan sé sett inn á aðalskipulagstillögu án þess að viðhlítandi rannsóknir á lífríki, jarðfræði og menningarsögulegum þáttum svæðisins hafi farið fram.

Náttúrufræðistofnun veltir upp þeirri spurningu hvort stefnumarkandi ákvarðanir í skipulagsáætlunum séu oft teknar á óeðlilega veikum grunni og náttúran njóti ekki vafans þrátt fyrir yfirlýst markmið þar að lútandi hjá stjórnvöldum sbr. athugasemd dags. 1. febrúar 2010. Stofnunin vekur athygli á að í umfjöllum í umhverfisskýrslu um mismunandi tillögur að veglagningu vestan- og austanmegin við Reynisfjall séu nánast engar tölulegar upplýsingar um vistgerðir, gróður og dýralíf. Stofnunin bendir á að upplýsingar sem lagðar eru fram í umhverfisskýrslu bendi til þess að nýr vegur með fram Dyrhólaós hafi hvað mest neikvæð áhrif á náttúrufer og að tillagan sé í andstöðu við öll almenn viðurkennd verndarmarkmið, sérstaklega hvað varðar votlendi og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Í umsögn Vegagerðarinnar dags. 2. júlí 2009 er bent á að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við nýjan veg hafi ekki farið fram og að framkvæmdin sé ekki í gildandi samgönguáætlun. Vegagerðin bendir jafnframt á að við mat á umhverfisáhrifum verði "kafað dýpra í umhverfissjónarmið" en gert sé í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Vegagerðin leggur því ekki mat á veglínur út frá umhverfissjónarmiðum en telur lausn sveitarfélagsins umferðartæknilega ásættanlega þó skoða þurfi betur almannaeill, hagkvæmni og rofvarnir.

Niðurstaða

Í umhverfisskýrslu kemur fram að engar rannsóknir hafa verið gerðar vegna tillögu um nýja veglínu Suðurlandsvegur en að stuðst hafi verið við fyrirliggjandi upplýsingar. Í athugasemdum og umsögnum er ítrekað bent á að rannsaka þurfi betur náttúru og fuglalíf í Mýrdal. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að vernda svæði nr. 708 á náttúruminjaskrá og votlendi norðan Dyrhólaóss sem eina heild. Skipulagsstofnun telur óljóst að hvað miklu leyti fyrirhuguð veglína skerðir svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og mikilvægi svæði fyrir fugla. Engar upplýsingar liggja fyrir um efnistöku eða haugsetningu efnis í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Bent hefur verið á skort á rannsóknum á efnahagslegum og félagslegum áhrifum en mat á hagkvæmni og öryggi nýs vegar er fyrst og fremst bundið við áhrif af styttingu hringvegur um 2-3 km og hæðarlegu vegarins í landi. Það er því mat Skipulagsstofnunar að fyrirliggjandi upplýsingar séu of takmarkaðar til þess unnt sé að mæla með staðfestingu eða leggja til synjun á staðfestingu nýs vegur ofan Dyrhólaóss, í gegnum Reynisfjall og um Víkurfjöru.

Framkvæmdir við nýjan Suðurlandsveg þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við breytta legu Suðurlandsvegur að afla frekari grunnupplýsinga um náttúrufer og samfélag á svæðinu og bera saman áhrif mismunandi valkosta um legu vegarins.


Skipulagsstofnun hefur borist bréf, dags. 16. apríl 2010, þar sem því er mótmælt að stofnunin afgreiði aðalskipulag Mýrdalshrepps áður en leyst hefur verið úr ágreiningi aðila um hæfi fundarmanna á þeim fundum sem sem tillaga um veglínu í Mýrdalshreppi var samþykkt. Með erindinu barst afrit af stjórnsýslukæru vegna ákvarðanatöku og hæfi fundarmanna, með vísan til hæfisreglna í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, annars vegar á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 18. mars 2009 og hins vegar á fundi skipulags- og byggingarnefndar 5. mars 2009. Uppkvaðning úrskurðar samgönguráðherra hefur tafist, sbr. bréf dags. 23. febrúar 2010, en ráðgert er að ljúka málinu í maí 2010.


Skipulagsstofnunun afgreiðir samþykktu tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps til

umhverfisráðherra í samræmi við 19. í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og mælir með að aðalskipulagið verði staðfest en leggur til að breyttri veglínu Suðurlandsvegur verði frestað skv. 2. mgr. 19. gr. sömu laga vegna formgalla. Tillaga Skipulagsstofnunar um frestun byggir annars vegar á þeim formannmarka að ekki hafi verið upplýst um áhrif vegarins á náttúru og samfélag í Mýrdal, sbr. 7. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, og hins vegar á því að samgönguráðherra hefur ekki úrskurðað um lögmæti málsmeðferðar við gerð aðalskipulagsins.

Mýrdalshreppur hefur lýst því yfir að engar greiðslur hafi borist frá öðrum en Skipulagsstofnun til að standa undir kostnaði við gerð aðalskipulagsins sbr. meðfylgjandi tölvupóstur frá 12. apríl 2010.

Við gildistöku Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2009-2025 fellur úr gildi Aðalskipulag Víkur 1975-1995 með áorðnum breytingu.


Stefán Thors


Birna Björk Árnadóttir

Afrit sent til Mýrdalshrepps og Guðmundar Ómars Hafsteinssonar hdl. lögmannstofunni Fortis.

Fylgigögn:

1. Afrit af erindi sveitarstjórnar, dags. 5. mars 2010 og 23. september 2009.
2. Afrit af bréfum Skipulagsstofnunar dags. 21. október 2009 og 29. janúar 2010.
3. Skipulagsgreinargerð dags. 17. mars 2010, 4 undirrituð eintök.
4. Sveitarfélagsuppdráttur dags. 16. mars 2010, 4 undirrituð eintök.
5. Umhverfisskýrsla, 1 eintak (eintak umhverfisráðuneytis).
6. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000, dags. 16. mars 2010, 4 undirrituð eintök.
7. Afrit af umsögnum stofnana.
8. Minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa um athugasemdir umsagnaraðila dags. 18. ágúst 2009
9. Skýrsla Vegagerðarinnar um mögulegar veglínur í Mýrdal útgefin í nóvember 2008
10. Skýrsla frá Mannvit verkfærðistofu um sjóvarnir í Vík í Mýrdal frá janúar 2010
11. Afrit af auglýsingum tillögunnar.
12. Afrit af athugasemdunum og svörum sveitarstjórnar við þeim í sérhefti dags. 1. mars 2010.
13. Afrit af bréfi til athugasemdaraðila dags. 5. mars 2010.
14. Afrit af bréfi Fortis lögmannstofu til Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl 2010 ásamt fylgiskjöllum.